



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Dís Sigurgeirsdóttir, starfandi sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: *Sameining stýrihópa um mótun virknistefnu og stefnu í félagsstarfi Reykjavíkurborgar undir einn hóp um mótun virknistefnu*

Lagt er til að stýrihópur um mótun stefnu um félagsstarf í Reykjavík og stýrihópur um mótun virknistefnu til ársins 2026, sem skipaðir voru á fundi velferðarráðs 10. ágúst 2022, verði sameinaðir í einn stýrihóp undir heitinu stýrihópur um mótun virknistefnu.

Hópurinn geri drög að nýrri heildstæðri virknistefnu Reykjavíkurborgar í málefnum einstaklinga sem mæta hindrunum í atvinnuleit og virkni og þurfa á þjónustu velferðarsviðs að halda. Markmiðið er að styðja við nýsköpun, virkni (störf, nám, þjálfun) og heilbrigði til að stuðla að aukinni þátttöku og virkni í samfélaginu.

Í nýrri virknistefnu skulu jafnframt vera tillögur að endurskoðun á félagsstarfi Reykjavíkurborgar, með það að markmiði að félagsstarf verði skilgreint sem virkni, að blöndun verði milli kynslóða og félagsstarfið verði í samfélagshúsum, sniðið að þörfum allra aldurshópa.

Greinargerð:

Áskoranir í velferðarþjónustu eru margar og mikilvægt að þær séu ávarpaðar í heildstæðri stefnu um virkni. Breyttar samfélagsþarfir, samsetning notendahópsins og kröfur til þjónustu kalla á nýsköpunarhugsun og breytt vinnulag um framkvæmd þjónustu og stuðnings. Í velferðarstefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem samþykkt var í júní 2021 kemur fram að horfa beri sérstaklega til valdeflingar, virkni einstaklinga og hvatningu til starfa, náms og tómsunda. Áhersla er á að greining og leiðir til lausna og þjónustu séu sniðnar að hverjum og einum og að þörfum sé mætt með menningarnæmi að leiðarljósi. Auk þess er mikilvægt að fyrirbyggja einmanaleika og draga úr félagslegri einangrun eldra fólks.

Stýrihópnum er ætlað að móta heildstæða virknistefnu til að stuðla að aukinni þátttöku og virkni í samfélaginu. Horfa skal sérstaklega til þeirra sem mæta hindrunum í atvinnuleit og virkni og þurfa á þjónustu velferðarsviðs að halda. Stefnunni er ætlað að ná fram heildarmynd af mismunandi þörfum þeirra sem þurfa á stuðningi og hvatningu til virkni að halda. Hópurinn móti jafnframt tillögu að staðsetningu og skipulagi samfélagshúsa.

Við gerð stefnunnar skal líta til núverandi fyrirkomulags virkniúrræða velferðarsviðs en velferðarráð Reykjavíkurborgar samþykkti á fundi sínum í lok árs 2020 að stofna sérstakt Virknihús í borginni þar sem haldið er utan um öll virkniúrræði velferðarsviðs borgarinnar á einum stað. Reykjavíkurborg samþykkti jafnframt í upphafi árs 2022 að koma á fót atvinnu- og virknimiðlun sem er þróunarverkefni til tveggja ára þar sem áhersla er lögð á að hjálpa einstaklingum sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu, við að komast í daglega rútínu, öðlast sjálfstraust, finna starf við hæfi og veita undirbúning og eftirfylgd í störf.

Velferðarsvið starfrækir 17 félagsmiðstöðvar víðsvegar um borgina þar sem boðið er upp á opið félags- og tómstundastarf. Hópurinn komi með tillögur að breytingum á félagsstarfinu og starfsemi félagsmiðstöðva velferðarsviðs í samræmi við samstarfssáttmála meirihluta borgarstjórnar 2022-2026 en þar kemur fram að þróa eigi félagsmiðstöðvar yfir í samfélagshús og stuðla að blöndun kynslóða og ólíkra samfélagshópa.¹

Hópurinn kortleggi virkniúrræði velferðarsviðs og hvort og hvernig þau endurspeglar þarfir tiltekinna einstaklinga og hópa. Hópurinn kortleggi ennfremur húsakynni og starfsemi félagsmiðstöðva velferðarsviðs og hvort þau henti sem samfélagshús. Einnig komi hópurinn með tillögur um framtíðarnýtingu húsnæðis sem nú þegar er nýtt undir félagsstarf, en hentar ekki undir starfsemi samfélagshúss. Hópurinn skal hafa til hliðsjónar skýrslu stýrihóps um stefnumótun í þróun félagsmiðstöðva fyrir fullorðið fólk, sem lögð var fyrir velferðarráð sem trúnaðargagn þann 19. ágúst 2020.

Stýrihópurinn skal leggja skal fram tillögur að nýjum og/eða breyttum úrræðum á grundvelli kortlagningar og annarrar greiningarvinnu. Tillögurnar skulu endurspeglar og hafa samhlið við áherslur í öðrum stefnum Reykjavíkurborgar er lúta að velferð borgarbúa, þ.m.t. velferðarstefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030, atvinnu- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkurborgar 2020-2030, stefnu í málefnum eldri borgara til ársins 2022, auk stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025.

Fylgiskjal:

Uppfært erindisbréf stýrihóps um mótun virknistefnu, dags. 2. nóvember 2022.

¹ Í því sambandi skal horft til laga um málefni aldraðra 1999 nr. 125 en þar er ákvæði um að þjónustumiðstöðvar aldraðra (hjá Reykjavíkurborg nefndar félagsmiðstöðvar) sem eru starfræktar af sveitarfélögum eigi að tryggja eldri borgurum félagsskap, næringu, hreyfingu, tómstundaiðju, skemmtun og heilsufarslegt eftirlit. Félagsmiðstöðvar geta starfað sjálfstætt eða í tengslum við aðra þjónustu sem aldraðir njóta. Einnig kemur í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga 1991 nr. 40 að tryggja skuli öldruðum aðgang að félags- og tómstundastarfi við þeirra hæfi.